Sveitarstjórn Borgarbyggðar - 240

**FUNDARBOÐ**

**240. fundur Sveitarstjórnar Borgarbyggðar**
**verður haldinn í Hjálmakletti, fimmtudaginn 11. maí 2023 og hefst kl. 16:00**

## Dagskrá:

**Almenn mál**

1. **2102062 - Skýrsla sveitarstjóra**

   Sveitarstjóri flytur skýrslu sveitarstjóra.

2. **2303271 - Ársreikningur Borgarbyggðar 2022**

   Afgreiðsla frá 239. fundi sveitarstjórnar: "Framlögð tillaga um að sveitarstjórn samþykki að vísa ársreikningi Borgarbyggðar fyrir árið 2022 til seinni umræðu í sveitarstjórn. Samþykkt samhljóða."

3. **2304088 - Breyting á skipuriti Borgarbyggðar apríl 2023**

   Afgreiðsla frá fundi sveitarstjórnar nr. 239: "Sveitarstjórn samþykkir að vísa tillögum um breytingu á skipuriti Borgarbyggðar til seinni umræðu í sveitarstjórn, ásamt samsvarandi breytingum á samþykktum, og felur sveitarstjóra að fullvinna.

   Samþykkt samhljóða."

4. **1911117 - Barnvænt sveitarfélag - vinnuhópur**

   Teymi um forvarnir, heilsueflandi samfélag og barnvænt samfélag óskar eftir tilnefningu, 1 fulltrúa meiri hluta og 1 fulltrúa minni hluta sveitarstjórnar í stýrihóp um Barnvænt samfélag. Hlutverk stýrihóps er að samræma og stýra innleiðingu Barnasáttmálans innan sveitarfélagsins. Samkvæmt leiðbeiningum frá Unicef eiga að vera í stýrihópnum amk 1 kjörinn fulltrúi frá meirihluta, einn kjörinn fulltrúi frá minnihluta, einn starfsmaður af hverju sviði sveitarfélagsins, umsjónarmaður Barnvæns sveitarfélags og 4 ungmenni.

5. **2206059 - Val á listamanni Borgarbyggðar**

   Afgreiðsla 46. fundar atvinnu-, markaðs-, og menningarmálanefndar:

   "Nefndin samþykkir að breyta heiti á Listamanni Borgarbyggðar í Listamanneskju Borgarbyggðar og vísar þeirri samþykkt til afgreiðslu sveitarstjórnar."

6. **2101027 - Samstarfssamningar um hátíðar í Borgarbyggð**

   Afgreiðsla 46. fundar atvinnu-, markaðs-, og menningarmálanefndar:
   "Nefndin samþykkir drög af uppfærðum samstarfssamningi vegna hátíða í Borgarbyggð

og vísar þeirri samþykkt til afgreiðslu sveitarstjórnar."

**7. 2110178 - Breyting á aðalskipulagi Borgarbyggðar-lóðir, spildur og jarðarpartar**

Afgreiðsla 53. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja framlagða breytingu á stefnu fyrir landbúnaðarsvæði í aðalskipulaginu til auglýsingar skv. 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að undangenginni athugun Skipulagsstofnunar."

**8. 2304036 - Deiliskipulag Hafnarfjall - Ósk um umsögn - Hvalfjarðarsveit**

Afgreiðsla 53. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd Borgarbyggðar gerir ekki athugasemd við breytinguna en vill árétta að þess verði gætt að lýsing við hús verði lágstemmd. Endanlegri afgreiðslu vísað til sveitarstjórnar."

**9. 2211232 - Krafa vegna Mávakletts 10**

Afgreiðsla byggðarráðs Borgarbyggðar frá fundi nr. 632:"Málinu var vísað aftur inn í byggðarráð með bókun sveitarstjórnar dags. 9. febrúar 2023, þar sem kalla átti eftir frekari gögnum. Hefur nú verið lögð fram yfirlýsing Birkis Más Gunnarssonar, dags. 23. apríl 2023. Byggðarráð leggur til að samkomulagið verði staðfest og vísar afgreiðslunni til sveitarstjórnar."

**10. 2211229 - Útboð vegna ræstinga**

Afreiðsla frá 631. fundi byggðarráðs Borgarbyggðar: "Framlagt minnisblað með tillögum um fyrirkomulag ræstingar hjá Borgarbyggð.
Lagt er til að ræstingar við Grunnskólann í Borgarnesi, Ölduna, Frístund, Óðal, Leikskólann Andabæ, Tónlistarskóla Borgarfjarðar og ráðhús Borgarbyggðar verði boðnar út fyrir 1. júní 2023 og að leitað verði liðsinnis ráðgjafa við gerð útboðsgagna en að öðru leyti munu sviðsstjórar halda utan um ferlið. Ákvörðunin er byggð á afgreiðslu byggðarráðs frá 3. nóvember sl. en þar segir að við mat á breyttu fyrirkomulagi ræstinga sé mikilvægt að horfa t.d. til gæða, sveigjanleika og fyrirsjáanleika í mönnun, hagkvæmni og áhrifa á starfsemi viðkomandi stofnana.

Samþykkt samhljóða."

**11. 2304246 - Aðalfundarboð Nemendagarða Menntaskóla Borgarfjarðar 2023**

Afgreiðsla frá 631. fundi byggðarráðs: "Aðalfundarboð Nemendagarða Menntaskóla Borgarfjarðar 9.maí 2023
Framlagt og sveitarstjóra falið að mæta á fundinn fyrir hönd Borgarbyggðar."

**12. 2105052 - Smoties - Rannsóknarverkefni - Þéttbýlisgreining**

Afgreiðsla frá 630. fundi byggðarráðs: "Tillaga framlögð. Byggðarráð felur sveitarstjóra að ganga til samninga á grundvelli hennar með fyrirvara um samþykki sveitarstjórnar. Byggðarráð hefur væntingar til þess að tillagan verði mikilvægur grundvöllur frekari þróunar neðri bæjar Borgarness sem styrkir mannlíf og menningu og gerir sögu byggðar í Borgarnesi hátt undir höfði. Fjármögnun vísað til vinnu við nýtt aðalskipulag og

viðauka við fjárhagsáætlun. Samþykkt samhljóða."

Framlagður samningur við Alternance slf um ráðgjöf, samráð og frumhönnun almenningssvæða og torga milli Skallagrímsgarðs og Brákarsunds í framhaldi af rannsókn á skipulagi Borgarness sem unnin var af Alternance slf fyrir Borgarbyggð.

**13. 2205140 - Kosningar í ráð og nefndir 2022-2026**

Valur Örn Vífilsson hefur beðist lausnar sem fulltrúi í fjölmenningarráði. Lagt er til að í hans stað verði skipuð Sjöfn Hilmarsdóttir.

**14. 2303217 - Varmaland - nemendafjöldi næsta skólaárs 2023-2024**

Mál frá 220. fundi fræðslunefndar Borgarbyggðar: "Framhald frá síðasta fundi fræðslunefndar.
Í aðalnámskrá er veitt leiðsögn um hvernig skólum ber að tryggja heilbrigði og velferð nemenda sem byggir á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan. Nám og námsaðferðir nemenda eru einstaklingsbundnar og mikilvægt að geta mætt þeim innan skólastofnana. Mikilvægt er að öll börn fái tækifæri til að njóta styrkleika sinna sem er lykilþáttur í að byggja upp jákvæða sjálfsmynd. Leikur og samskipti við samnemendur er jafnframt mikilvæg námsaðferð sem opnar víddir sköpunargleði barna og ungmenna og hjálpar þeim að finna hæfileikum sínum farveg. Þá eru samskipti, samtal og speglun eigin skoðana og viðhorfa afar mikilvægur þáttur í námi og þroska. Í ljósi fámennis í Varmalandsdeild Grunnskóla Borgarfjarðar þykir ljóst að erfitt er að veita nemendum þar viðeigandi tækifæri til að þroska ofangreinda þætti sem og að tryggja þeim þá greinabundnu menntun sem þeir eiga rétt á.

Fræðslunefnd leggur til að á þessum tímapunkti sé ekki farið í þær aðgerðir að sameina nemendur á unglingastigi á Varmalandi við Kleppjárnsreyki á næsta skólaári. En fræðslunefnd leggur áherslu á að nemendur fái tækifæri til að vinna saman á milli unglingastigana.

Því leggur fræðslunefnd til að í tengslum við byggingu og endurbætur á Kleppjárnsreykjadeild Grunnskóla Borgarfjarðar sem fyrirhugað er að ljúki árið 2025 verði þegar hafist handa við að kanna endurskilgreiningu á upptökusvæði skólahverfa og skipulagi skólastarfsins, skólaakstri og öðrum þáttum er lúta að því markmiði að nemendur við Varmalandsdeild Grunnskóla Borgarfjarðar verði komnir í húsnæði á Kleppjárnsreykjum árið 2025 í góðri sátt við nemendur, foreldra og starfsfólk. Á þeim tíma sé ekki gerð breyting á núverandi skólaskipan.

Þá sé einnig mikilvægt að fræðslunefndin fái kynningu á nýju skólahúsnæði á Kleppjárnsreykjum.

Samþykkt samhljóða."

**15. 2208116 - Stjórn fjallskilaumdæmis ABHS**

Framlögð fundargerð 15. fundar stjórnar fjallskilumdæmis Akraneskaupstaðar, Borgarbyggðar, Hvalfjarðarsveitar og Skorradalshrepps.

**Fundargerð**

**16. 2304018F - Atvinnu - markaðs - og menningarmálanefnd - 46**

16.1 2112089 - Skýrsla samskiptastjóra

16.2 2205028 - Heimasíða Borgarbyggðar

16.3 2101027 - Samstarfssamningar um hátíðar í Borgarbyggð

16.4 2304259 - Sumaropnun Safnahúss Borgarfjarðar 2023

16.5 2206059 - Val á listamanni Borgarbyggðar

16.6 2304247 - Listamanneskja Borgarbyggðar 2023

**17. 2303032F - Umhverfis- og landbúnaðarnefnd - 46**

17.1 2211253 - Ágangur sauðfjár í heimalöndum - ábyrgð og leiðir

17.2 2203242 - Vatnsveitur í Borgarbyggð

17.3 1511098 - Vatnsveita Álftaneshrepps

17.4 2301065 - Refa og minkaeyðing 2023

17.5 2111023 - Verkefni vegna innleiðingar hringrásarkerfis

17.6 2304031 - Hreinsunarátak 2023

17.7 2304076 - Áskorun vegna sauðfjárveikivarnagirðinga

**18. 2304009F - Umsjónarnefnd fólkvangsins í Einkunnum - 78**

18.1 2108060 - Gönguleiðir í Borgarbyggð

18.2 2209193 - Umsókn í framkvæmdasjóð ferðamannastaða 2022

18.3 2303274 - Auglýsing Afþreying Einkunnum

18.4 2206203 - Einkunnir- verkefni 2022

18.5 1705171 - Samningur um umsjón með Einkunnum 2017

**19. 2304012F - Umhverfis- og landbúnaðarnefnd - 47**

19.1 2304069 - Breytt fyrirkomulag á boðun reglubundins eftirlits og ný gjaldskrá

19.2 2304150 - Umhverfisviðurkenningar 2023

19.3 2304031 - Hreinsunarátak 2023

19.4 2211253 - Ágangur sauðfjár í heimalöndum - ábyrgð og leiðir

19.5 2304076 - Áskorun vegna sauðfjárveikivarnagirðinga

19.6 2203242 - Vatnsveitur í Borgarbyggð

19.7 2111023 - Verkefni vegna innleiðingar hringrásarkerfis

19.8 2302068 - Leikvellir og skólalóðir

**20. 2304007F - Byggðarráð Borgarbyggðar - 631**

20.1 2303271 - Ársreikningur Borgarbyggðar 2022

20.2 2304081 - Tilboð í tryggingaráðgjöf

20.3 2304088 - Breyting á skipuriti Borgarbyggðar apríl 2023

20.4 2203242 - Vatnsveitur í Borgarbyggð

20.5 2111023 - Verkefni vegna innleiðingar hringrásarkerfis

20.6 2304087 - Auka sveitarstjórnarfundur í apríl 2023

20.7 2304086 - Samræming gjaldskráa fyrir námsfólk í íþróttamiðstöðvum

20.8 2304051 - Aðalfundur Orkuveitu Reykjavíkur 2023
20.9 2301193 - Samband ísl.sveitarfélaga - fundagerðir 2023.
20.10 2301206 - Hafnasamband Íslands - fundargerðir 2023

**21. 2304015F - Byggðarráð Borgarbyggðar - 632**

21.1 2304242 - Yfirlýsing frá félagi sauðfjárbænda í Borgarfjarðarhéraði
21.2 2301087 - Nánari skilgreiningar vegna launa fyrir nefndastörf
21.3 1912081 - Aldan framtíðarsýn - starfshópur
21.4 2304257 - Orlof húsmæðra 2023.
21.5 2305001 - Fjárfestingaráætlun Borgarbyggðar m.v. stöðu í apríl 2023
21.6 2211232 - Krafa vegna Mávakletts 10
21.7 2210251 - Áformuð hlutafjáraukning Ljósleiðarans
21.8 2304249 - Orkufundur 2023 - Samtök orkusveitarfélaga
21.9 2211229 - Útboð vegna ræstinga
21.10 2304246 - Aðalfundarboð Nemendagarða Menntaskóla Borgarfjarðar 2023
21.11 2304244 - Niðurfelling vegar af vegaskrá Grenjavegur 5374-01
21.12 2201128 - Birkihlíð - útboðsgögn, verðfyrirspurn
21.13 2304267 - Tillögur um breytingar á 133. gr. sveitarstjórnarlaga um íbúakosningar sveitarfélaga
21.14 2301002 - Umsagnarmál f. Alþingi 2023
21.15 2301002 - Umsagnarmál f. Alþingi 2023
21.16 2301002 - Umsagnarmál f. Alþingi 2023
21.17 2301002 - Umsagnarmál f. Alþingi 2023
21.18 2301002 - Umsagnarmál f. Alþingi 2023
21.19 2301206 - Hafnasamband Íslands - fundargerðir 2023
21.20 2301193 - Samband ísl.sveitarfélaga - fundagerðir 2023.
21.21 2304006F - Byggingarnefnd viðbyggingar við Gbf. á Kleppjárnsreykjum - 11

**22. 2304011F - Skipulags- og byggingarnefnd Borgarbyggðar - 53**

22.1 2304036 - Deiliskipulag Hafnarfjall - Ósk um umsögn - Hvalfjarðarsveit
22.2 2301243 - Krossnes L135934 - Umsókn um framkvæmdaleyfi
22.3 2304019 - Borgarland L196891 - Umsókn um framkvæmdaleyfi
22.4 2304018 - Raðhólar L211822 - Umsókn um framkvæmdaleyfi
22.5 2205001 - Brúartorg L176491 - Olís - Eldsneytisgeymir neðanjarðar
22.6 2103141 - Melabraut - Lagnakerfi götu
22.7 2304210 - Fyrirspurn um skipulagsmál
22.8 2110178 - Breyting á aðalskipulagi Borgarbyggðar-lóðir, spildur og jarðarpartar
22.9 2301075 - Aðalskipulag - Endurskoðun - Vinnslutími
22.10 2303026F - Afgreiðslufundur skipulagsfulltrúa - 9
22.11 2304005F - Afgreiðslufundur skipulagsfulltrúa - 10

22.12 2304013F - Afgreiðslufundur skipulagsfulltrúa - 11

22.13 2303030F - Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 208

22.14 2304001F - Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 209

**23. 2304021F - Fræðslunefnd Borgarbyggðar - 220**

23.1 2212191 - Skóladagatöl fyrir leik-, grunn- og tónlistaskóla Borgarbyggðar 2023-2024

23.2 2304033 - Hinsegin fræðsla i grunnskólum Borgarbyggdar

23.3 2303032 - Fundir um úthlutun og ráðastöfun fjármuna fyrir alla í grunnskólum

23.4 2301205 - Barnamenningarhátíð á Vesturlandi 2022

23.5 2304107 - Farsæld á fyrsta ári - samantekt ráðherra

23.6 2202028 - Endurmenntunarsjóður grunnskóla 2022

23.7 2101054 - Ytra mat Leikskólinn Uglukletttur

23.8 2303217 - Varmaland - nemendafjöldi næsta skólaárs 2023-2024

23.9 2304253 - Reglur vegna efnilegra ungmenna sem leggja stund á íþróttir, tómstundir og listir í Vinnuskóla Borgarbyggðar

23.10 2304254 - Kynning á sumarfjöri og vinnuskóla - vor 2023

23.11 2301061 - Breyting á opnunartíma - sundlaugin á Kleppjárnsreykjum

09.05.2023
Lilja Björg Ágústsdóttir, sviðsstjóri stjórnsýslu.